

112

31. des.

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Innri Akraneshreppi jörðina Staðarhöfða.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Innri Akraneshreppi í Borgarfjarðarsýslu jörðina Staðarhöfða í sama hreppi, enda liggi fyrir yfirlýsing hreppsnefndarinnar um, að hreppurinn skuldbindi sig til, ef hann selur jörðina, að tryggja það, að jörðin verði gerð að ættaróðali. Námaréttindi skulu þó undanskilin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. desember 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

113

31. des.

## L Ö G

um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til þess að varna yfirvofandi, stórfelldum skemmdum af ágangi vatns úr Héraðsvötnum á undirlendi Skagafjarðar vestan Vatna skulu gerðar fyrirhleðsiur með nauðsynlegum flóðgáttum.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað af fyrirhleðslunni og öðrum framkvæmdum en flóðgáttum að  $\frac{7}{8}$  hlutum, en sýslufélag Skagafjarðar annast um greiðslu  $\frac{1}{8}$  hluta. Kostnaður af flóðgáttum greiðist af ríkissjóði að  $\frac{3}{4}$  hlutum, en sýslufélaginu að  $\frac{1}{4}$  hluta. Viðhald mannvirkja þeirra, sem þegar eru gerð og gerð verða samkvæmt lögum þessum, greiðist einnig af áðurnefndum aðilum og í sömu hlutföllum.

3. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist heimild til að jafna niður að einhverju eða öllu leyti þeim hluta fyrirhleðslukostnaðarins, sem sýslufélaginu ber að annast um greiðslu á samkv. 2. gr., á þær jarðir, sem eiga lönd, hús og mannvirki í hættu, ef Héraðsvötnin brytust vestur í Svartá og norður Vallhólminn. Við niðurbjörgun þessa skal aðallega miðað við fasteignamat þeirra landa, húsa og annarra mannvirkja, sem hættan vofir yfir.